

15
27. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að félagsmálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem bæði ríkissjóður og sveitarsjóðir leggja fram miklar fjárhæðir árlega til styrktar byggingarfélagum verkamanna, auk þess, sem þeim eru veitt ýms önnur hlunnindi, þá sé full þörf á, að ríkisstjórnin hafi eftirlit með starfsemi félaganna til þess að tryggt verði að þau starfi lögum samkvæmt og fyllsta réttlætis og hagsýni sé gætt í hvívetna. Samkvæmt þessu teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til umbóta á tédum lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist orðin: Enda fullnægi félagið skilyrðum 6. gr. þessara laga.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1. töluliður svohljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagins sé skipuð 5 mönnum og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 27. maí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.